



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 28. júlí 2014 kl. 16:00.

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf

Helga H. Vigfúsdóttir

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

Eftir fund fór byggingarfulltrúi til Jóns Þórs Þorvarðarsonar þar sem hann var í heyskap. Honum var gerð grein fyrir efni fundarins og tók hann afstöðu til þess eftir atvikum og undirritaði síðan fundargerðina.

1. Kosning formanns og varaformanns nefndarinnar.

Eiríkur J. Kjerúlf var kjörinn formaður og Helga H. Vigfúsdóttir var kjörinn varaformaður.

2. Samþykkt um afgreiðslur í byggingar- og skipulagsnefnd.

Eftirfarandi samþykkt um byggingar- og skipulagsnefnd í Fljótsdalshreppi var gefin út af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 30. apríl 2014.

1.gr.

Byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps annast verkefni byggingarnefndar í samræmi við 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Nefndina skipa þrír aðalmenn og þrír varamenn sem eru kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórnar.

Byggingar- og skipulagsnefnd skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi kjörtímabils og velja formann og varaformann nefndarinnar.

2. gr.

Undir yfirstjórn sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps fer byggingar- og skipulagsnefnd með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslögum nr. 123/2010.

Með nefndinni starfar byggingarfulltrúi Fljótsdalshrepps sem fer með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 160/2010 um mannvirki og ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Byggingarfulltrúi Fljótsdalshrepps annast einnig störf skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins í samræmi við ákvæði skipulagslaga, nr. 123/2010.

Byggingarfulltrúi skal hafa samráð við byggingar- og skipulagsnefnd um hvert það mál sem hann telur að varði verksvið nefndarinnar.

Byggingar- og skipulagsnefnd fjallar um umsóknir um byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi að fengnu samþykki byggingar- og skipulagsnefndar.

Byggingar- og skipulagsnefnd hefur eftirlit með stjórnarsýslu byggingarfulltrúa fyrir hönd sveitarstjórnar. Afgreiðslur mála í byggingar- og skipulagsnefnd skulu lagðar fyrir sveitarstjórn Fljótsdals-hrepps til staðfestingar og samþykkis.

3. gr.

Um málsmeðferð gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, laga nr. 160/2010 um mannvirki, skipulagslaga, nr. 123/2010, samþykktar um stjórn Fljótsdalshrepps, nr. 98/2013, og stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

4.gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Byggingarfulltrúi las samþykktin í heyranda hljóði og urðu nokkurar umræður um einstaka efnisatriði.

3. Erindi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin vinnur nú að endurbyggingu Upphéraðsvegar. Eftirfarandi erindi barst til byggingarfulltrúa sbr. bréf frá Vegagerðinni dags. 17. júlí:

„Meðfylgjandi er afrit af samningi Vegagerðarinnar og landeiganda Húsa vegna endurbyggingar Upphéraðsvegar í landi Húsa (landnr. 156948), Fljótsdalshreppi ásamt uppdráttum í frumriti og beiðni þinglýsts eiganda um staðfestingu landskipta jarðarinnar. Vegagerðin óskar eftir því að byggingarfulltrúi áriti og stimpli uppdrættina og að nýju spildunni verði úthlutað nýju landnúmeri.“

Byggingar- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að annast afgreiðslu erindisins.

4. Erindi frá Gunnþórunni Ingólfsdóttur Víðivöllum fremri.

Óskað er eftir leyfi fyrir byggingu í heimilisgarði að Víðivöllum fremri. Um er að ræða járnghám með sánabaði og viðarkyndara. Gróðurhús er byggt utan á gáminn öðru megin, hinu megin er pallur með viðarkyntum potti. Risþak er sett yfir alla bygginguna. Byggingarefni er timbur, járn og plastplötur. Heildar flatarmál byggingarinnar er um 42 m².

Nefndin samþykkir umrædda framkvæmd fyrir sitt leyti. Sé þessari byggingu ætlað að standa til langframa er eðlilegt að lagðir verði fram uppdrættir af henni ásamt skráningartöflu þannig að hún verði skráð í fasteignamat. Fyrst í stað sé veitt stöðuleyfi fyrir byggingunni til eins árs.

5. Hjólhýsi í landi Langhúsa.

Kynnt erindi frá Jónasi (einum af eigendum Langhúsa), þar sem hann óskar eftir að byggja sólpall úr timbri við hjólhýsi sem staðsett er sunnan við bæjarhús á Langhúsum. Nefndin telur að svo stöddu, meðan framkvæmdin verður ekki viðameiri, að ástæðulaust sé þess að veita sérstakt stöðuleyfi vegna þessa.

6. Gæðastjórnunarkerfi fyrir embætti byggingarfulltrúa.

Verkefnið var kynnt á síðasta fundi nefndarinnar þann 30. apríl sl. Nú er á dagskrá að byggingarfulltrúar hittist í Reykholti dagana 25. og 26. september þar sem fer fram kynning á gæðastjórnunarkerfinu. Jafnframt munu fundarmenn skiptast í vinnuhópa og vinna að tillögum um að betrum bæta það sem kynnt verður eftir því sem tilefni og ástæður gefa tilefni til.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf
Helga H. Vigfúsdóttir
Jón Þór Þorvarðarson

Myndir með fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar 28. júlí 2014



Baðhús og gróðurskáli við Víðivelli fremri



Sólpallur við hjólhýsi sunnan við bæjarhúsin á Langhúsum